

sigurdur@rettur.is

---

**Til** : Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
**Frá** : sigurdur@rettur.is  
**Heiti** : Beiðni kæranda um aðgang að gögnum  
**Málsnúmer.** : 2110006  
**Málsaðili** : Alþingi  
**Efnisflokkur** : Beiðni  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 25.10.2021  
**Skráningaraðili** : Sigurður Örn Hilmarsson

Sæl Sigrún,

Í póstinum hér að neðan var umbjóðendum mínum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum vegna þeirra gagna sem birt hafa verið á vef Alþingis vegna málsins.

Umbjóðendur mínir vísa til og ítreka þau sjónarmið sem fram komu í máli þeirra og mínu á fundi nefndarinnar síðastliðinn föstudag.

Í kæru umbjóðenda minna er fjallað um fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis og þess getið að fundargerðin sem umbjóðendur mínir hafa fengið sé óundirrituð en við ritun kærunnar sé gengið út frá því að enginn ágreiningur ríki innan yfirkjörstjórnarinnar um efni hennar. Í skýrslu lögreglustjórans á Vesturlandi 15. október 2021 (bls. 7) er fjallað um fundargerðina með svofelldum hætti:

?Yfirkjörstjórnarfólk hefur lýst því í yfirheyrslum að fundargerðin hafi gengið á milli í tölvupósti og sumt yfirkjörstjórnarfólk gert athugasemdir en ekki liggur fyrir að hvaða leyti eða hvernig brugðist var við þeim eða hvað af athugasemdum rataði inn í endanlega fundargerð.?

Ofangreint sætir sérstakri furðu enda segir í niðurlagi fundargerðarinnar að hún hafi verið rituð af formanni yfirkjörstjórnar, hún hafi verið lesin upphátt og efni hennar staðfest sem rétt. Er ekki hægt að skilja fundargerðina öðruvísi en að þetta hafi gerst þegar fundi yfirkjörstjórnar var slitið kl. 18.44 þann 26. september 2021. Nú liggur hins vegar fyrir að fundargerðin var unnin síðar í tölvupóstum yfirkjörstjórnar og að óvíst sé hvort athugasemdir einhverra yfirkjörstjórnarmeðlima hafi ratað í endanlega fundargerð.

Af þessum sökum óska umbjóðendur mínir eftir öllum þeim upplýsingum sem undirbúningsnefndin hefur er varðar þetta atriði, bæði endurrit lögregluskýrslna, framburð meðlima yfirkjörstjórnar fyrir nefndinni og afriti af þeim tölvupóstum sem gengu á milli yfirkjörstjórnar um fundargerðina. Hafi undirbúningsnefnd Alþingis ekki umrædd gögn undir höndum er þess krafist að hún afli þeirra sérstaklega, enda hlýtur fundargerð yfirkjörstjórnar að vera lykilgagn við rannsókn málsins. Í þessu samhengi er m.a. vísað umfjöllunar í skýrslu lögreglustjórans um ákvörðun um endurtalningu (bls. 5), en nokkur reikistefna virðist vera innan yfirkjörstjórnar um hvernig sú ákvörðun kom til.

Þá óska umbjóðendur mínir eftir aðgangi að öllum gögnum undirbúningsnefndarinnar er tengjast málinu, en ekki eingöngu þeim sem birt hafa verið almenningi á vefsíðu Alþingis. Þá óska umbjóðendur mínir eftir aðgangi að upptökum af fundum nefndarinnar með öllum gestum hennar. Í því sambandi er vísað til þess að við upphaf nefndarfundar síðastliðinn föstudag var þess getið að fundurinn með umbjóðendum mínum væri tekinn upp og yrði gerður aðgengilegur alþingismönnum þegar kæmi að atkvæðagreiðslu þeirra um lögmati kosninganna. Umbjóðendur mínir gera fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að upptaka fundarins síðastliðinn föstudag verði birt á vefsvæði Alþingis, eins og nefndin hefur gert í sumum tilfellum.

Að öðru leyti er allur réttur áskilinn, þ.m.t. að skila frekari athugasemdum til nefndarinnar að fengnum ofangreindum gögnum.

Bestu kveðjur / Best regards,

Sigurður Örn Hilmarsson hrl.  
Eigandi / Partner

Réttur - Adalsteinsson & Partners  
Klapparstígur 25-27  
101 Reykjavík  
Beinn sími / Direct line: 354 547 2006  
Sími / Tel: 354 547 2000  
[www.rettur.is](http://www.rettur.is)

---

**From:** Sigurður Örn Hilmarsson  
**Sent:** 21 October 2021 16:07  
**To:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
**Subject:** Re: Fundarboð frá undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa, föstudaginn 22. október

Sæl,

Ég mæti með umbjóðendum mínum þremur.

Bestu kveðjur / Best regards,

Sigurður Örn Hilmarsson hrl.  
Eigandi / Partner

Réttur - Adalsteinsson & Partners  
Klapparstígur 25-27  
101 Reykjavík  
Beinn sími / Direct line: 354 547 2006  
Sími / Tel: 354 547 2000  
[www.rettur.is](http://www.rettur.is)

---

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <[sigrunhelga@althingi.is](mailto:sigrunhelga@althingi.is)>  
**Sent:** Wednesday, October 20, 2021 5:06:50 PM  
**To:** Sigurður Örn Hilmarsson <[sigurdur@rettur.is](mailto:sigurdur@rettur.is)>; [magnus@norddahl.is](mailto:magnus@norddahl.is) <[magnus@norddahl.is](mailto:magnus@norddahl.is)>; [lenyarun9@gmail.com](mailto:lenyarun9@gmail.com) <[lenyarun9@gmail.com](mailto:lenyarun9@gmail.com)>; Karl Gauti Hjaltason <[kgauti@althingi.is](mailto:kgauti@althingi.is)>  
**Subject:** Fundarboð frá undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa, föstudaginn 22. október

Frá skrifstofu Alþingis  
Góðan dag.

Við er til fyrri samskipta í tilefni af kærnu vegna kosninga til Alþingis 25. september sl. Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa vill bjóða eftirfarandi aðilum að koma fyrir nefndina nk. föstudaginn 22. október vegna kærunnar. Nefndin fundar í húsakynnum nefndasviðs Alþingis í Austurstræti 8-10 á 2. hæð, og gengið er inn frá Austurvelli.

**Kl. 10:00 - 11:30**

Guðmundur Gunnarsson  
Rósa Björk Brynjólfssdóttir  
Hólmiður Árnadóttir  
Sigurður Örn Hilmarsson f.h. kæranda  
Magnús Davíð Norðdahl

**Kl. 12:30 ? 13:15**

Lenya Rún Taha Karim  
Karl Gauti Hjaltason

Á fundinum gefst kostur á að gera grein fyrir kærinni, svara spurningum nefndarinnar og eftir atvikum bregðast við þeim gögnum sem nefndin hefur aflað og varða kærana. Fundurinn verður tekinn upp í þeim tilgangi að unnt sé að endurrita hann og þar með gera þingmönnum mögulegt að kynna sér efni hans.

Þá er upplýst að öllum yfirkjörstjórnnum voru kynntar fram komnar kærur og óskað umsagna fyrir lok dags 19. september. Þær umsagnir sem hafa borist og önnur gögn eru birt á svæði nefndarinnar á vef Alþingis, sjá hlekk <https://www.althingi.is/thingnefndir/adrar-nefndir/undirbuningsnefnd-fyrir-rannsokn-kjorbrefa/erindi-til-nefndarinnar/>. Sé vilji til að koma viðbrögðum við framangreindum gögnum á framfæri við nefndina er þess óskað að það verði gert fyrir hádegi á mánudag, 25. október.

Fyrir hönd undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa,

**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

skjalaritari  
skrifstofu Alþingis, nefndasviði  
150 Reykjavík  
sími 563-0421  
gsm 6934479  
[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*

[Fyrirvari/Disclaimer](#)